Kópavogur, 20. nóvember 2025.

Umsögn á starfsáætlun leikskóla Kópavogs

Leikskóli: Aðalþing

Ágæti leikskólastjóri

Starfsáætlun uppfyllir viðmið Menntasviðs, Leikskóladeildar

Allar starfsáætlanir leikskóla ásamt umsögn foreldraráðs eru lagðar fyrir leikskólanefnd til staðfestingar. **Starfsáætlun leikskólans Aðalþings uppfyllir viðmið Menntasviðs, Leikskóladeildar og hefur verið samþykkt af leikskólanefnd.**

Ef óskað er eftir nánari umræðu/leiðbeiningu um einstaka þætti í starfsáætlun er velkomið að hafa samband við deildarstjóra/leikskólaráðgjafa.

Sigrún Hulda Jónsdóttir, deildarstjóri Leikskóladeildar Menntasviðs

Meðfylgjandi er nánara leiðsagnarmat um starfsáætlun leikskólans.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11.2026

Viðmið um mat á gæðum

Leikskóladeild hefur eftirlit með gæðum leikskólastarfs í Kópavogi. Við yfirlestur starfsáætlana eru notuð viðmið um mat á gæðum í leikskólastarfi sem gefið var út af Reykjavíkurborg 2014[1].

Einnig er nýttur kvarði sem þróaður var í tengslum við viðmiðagerðina og er hann eftirfarandi:

Dökkgrænn:	Mjög gott verklag sem samræmist fyllilega lýsingu á gæðastarfi. Sumir þættir eru öðrum til eftirbreytni.
Ljósgrænn:	Gott verklag, flestir þættir í samræmi við lýsingu á gæðastarfi, styrkleikar fleiri en tækifæri til umbóta.
Gulur:	Verklagi ábótavant, uppfyllir viðmið um gæðastarf að sumu leyti en einhverjir mikilvægir þættir þarfnast umbóta. Tækifæri til umbóta fleiri en styrkleikar.
Appelsínugulur:	Margir mikilvægir þættir uppfylla ekki viðmið um gæðastarf.

Niðurstaða: **Dökkgrænn, Ljósgrænn, Gulur, Appelsínugulur.**

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11 2026

[1] Viðmið um gæðastarf í leikskólum | Reykjavíkurborg (reykjavik.is)

Leikskóli: Aðalþing
Dagsetning yfirferðar: 12. nóvember 2025

Starfsáætlun	Dökkgrænn,Ljósgrænn, Gulur, Appelsínugulur	Athugasemdir
Inngangur		Greinagóð samantekt stjórnenda um þær áherslur og áskoranir sem voru í starfi skólans á liðnu skólaári.
Skólastarfið/Leiðarljós		Starf skólans byggir á hugmyndafræði Loris Malaguzzi sem er frá Reggio Emilia á Ítalíu. Leiðarljós skólans eru tilgreind
Innra mat leikskólans 2024-2025		Gerð er grein fyrir innra mati skólans en hún felst meðal annars í uppeldisfræðilegu skráningum, ljósmyndum og myndböndum
Ytra mat leikskólans 2024-2025		Viðhorfskönnun starfsfólks var framkvæmd af Skólapúlsinum í upphafi árs ásamt viðhorfskönnun foreldra.
Umbótaáætlun leikskólans		Umbótaáætlun fylgir
Áherslur í starfi leikskólans		Áherslur næsta starfsárs • Uppfæra á mál- og læsisstefnu skólans á skólaárinu • Unnið verður að endurskoðun skólanámskrár á skólaárinu • Ekki er tilgreint í starfsáætluninni hvort Hæfnirammar í íslensku séu nýttir fyrir öll börn með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn í skólanum. Fram kom í úttekt sem leikskólaráðgjafar fóru í nýverið að ekki er verið að nýta hann en til stendur fara í þá vinnu • Í nýlegri heimsókn kom fram að Lausnarteymi er starfandi við skólann þó að það sé ekki tilgreint í starfsáætlun • Ekki kemur fram hvort starfsfólk skólans sé meðvitað um hvað felst í farsældarlögunum
Þróunar- og nýbreytnistarf		Skólinn hlaut styrk frá Sprotasjóði s.l. vor til að þróa innra mat með aðstoð gervigreindar.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11.2026

		Á skólaárinu verður starf Atelieristu innleitt í Aðalþingi sem mun innleiða Atelier inni á öllum deildum skólans. Atelier er ein af kennsluleiðum hugmyndafræði Reggio Emilia. Áfram verður unnið að þróunarverkefninu Stillu ásamt þremur öðrum skólum. Unnið verður að rannsóknarverkefni sem ber heitið „Child is nature“ í samstarfi við Panta Rei og Pause á Ítalíu. Markmið verkefnisins er að gera námskrá um mat og matarmenningu í leikskólum
Foreldrasamstarf		Foreldraráð og foreldrafélag eru starfandi við skólann, ekki er tilgreint hvernig foreldrar eru upplýstir hverjir sitja í ráðinu hverju sinni
Starfsfólk		Fram kemur að hlutfall kennara við skólann eru 73% en lögum samkvæmt á hlutfall kennara í hópi starfsfólks að vera 66%
Símenntunaráætlun		Símenntunaráætlun fylgir
Skipulagsdagar		Tilgreint er hvenær skipulagsdagar verða á skólaárinu ásamt viðfangsefni. Stefnt er að námsferð til Mílanó í maí. Sótt er um sjötta skipulagsdaginn þann 13. maí
Aðrar upplýsingar		Fram kemur hversu mörg börn eru í skólanum þetta skólaár. Ekki kemur fram aldursskipting þeirra, hve mörg börn með fjölbreyttan tungumála - og menningarbakgrunn eru í skólanum, hver dvalartími barna er í skólanum né hve stöðugildi vegna sérkennslu er mikill en í nýlegri heimsókn leikskóladeildar í skólann fengust þær upplýsingar
Húsnæði og lóð		Fram kemur hvert var viðhald húsnæðis á liðnu skólaári ásamt ósk um viðhald á þessu skólaári
Öryggismál		Fram kemur að við skólann starfi öryggistrúnaðarmaður og öryggisfulltrúi. Ekki kemur fram hvort starfandi er öryggisnefnd né áfallaráð
Lokaorð		Fram kemur í kafla sem ber heitið *„Áherslur í starfi leikskólans“* þær áherslu og umbætur í leikskólastarfinu sem unnið verður að á þessu skólaári

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11 2026

Fylgigögn		➢ Umbótaáætlun ➢ Símenntunaráætlun ➢ Vísað er á skóladagatal á heimasíðu skólans ➢ Umsögn foreldraráðs
Umsögn foreldraráðs		Foreldraráð telur starfsáætlun skólans vera metnaðarfulla og lýsa starfinu vel

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11 2026